

Samfélagsfræði - Drangamix 4. – 6. bekkur

Kennari: Sif Hauksdóttir og Erla Þórey Ólafsdóttir

Almennt um kennsluna

Nemendur 4. - 6. bekkjar fá 6 kennslustundir á viku í Drangamixi þar sem samfélagsfræði, náttúrufræði, íslenska og upplýsingarmennt eru samþættar. Verkefni eru skipulögð í þeim og eru verkefni misstór og unnin eftir ólíkum leiðum. Á haustönn vinnum við með: Ferðalag um Ísland, Lýðveldisafmælið, Stjörnufræði, Eftir áramót eru: Tækni og vísindi, Landnám Íslands og Heilsa og vellíðan.

Hæfniviðmið – Ferðalag um Ísland

Íslenska:

- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga,
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning í texta.

Samfélagsfræði

- gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.

Upplýsingatækni:

- sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum,
- nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi,

Náttúrufræði:

- lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- gert sér grein fyrir

- nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum þeirra til verndar.

Lykilhæfni

- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin námi

Hæfniviðmið – 80 ára lýðveldiðsafmælið

Samfélagsfræði

- greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum,
- velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum,
- lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti,
- dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,

Lykilhæfni

Hæfnisviðmið – Stjörnufræði

Markmið frá kennara

- framkvæmt og lýst eigin athugunum á himingeimnum
- gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri
- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum
- útskýrt áhrif tækni og vísinda á fólk
- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi
- lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs
- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi
- unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi

Náttúrufræði:

- útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður,

Samfélagfræði

- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,
- borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt,

Íslenska:

- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,

Tækni og vísinda smiðja

Landnám Íslands

Heilsa og vellíðan

Skipulag kennslunnar

Unnið er í þemu að fjölbreyttum verkefnum við að fara yfir námspáttinn. Verkefni geta verið allt frá fáeinum tímum upp í nokkrar vikur, eru allskonar og unnin eftir ólíkum leiðum.

Námsaðlögun:

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað við að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar

Námsmat

Námsmat myndar eina heild. Leitast er við að hafa matið fjölbreytt og að það endurspegli sem best færni nemenda á ólíkum sviðum. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Lögð verður áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna.